

**Framhaldsársfundur Austurbrúar, haldinn á Hótel Framtíð, Djúpavogi, miðvikudaginn 11. maí 2016 kl. 15.00 í samræmi við samþykkt ársfundar 19. maí 2015 um skoðun á rekstrarfyrirkomulagi Austurbrúar.**

Dagskrá:

Frestaðir liðir frá ársfundi 2015 teknir fyrir.

- 4) Breytingar á skipulagsskrá
- 5) Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.

**Gunnar Jónsson**, stjórnarformaður Austurbrúar setti fundinn og bauð gesti velkomna. Hann lagði til að **Hilmar Gunnlaugsson** yrði fundarstjóri og **Björg Björnsdóttir** fundarritari og var það samþykkt. Alls voru um 30 fundargestir, þar af 26 atkvæðisbærir fulltrúar<sup>1</sup>.

4. Breytingar á skipulagsskrá, tillaga frá ársfundi 2015 tekin fyrir. **Jóna Árný Þórðardóttir**, framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti tillöguna og niðurstöður stjórnar.

Tillaga fyrir Ársfund Austurbrúar ses þann 19. maí 2015

Stjórn og framkvæmdastjóra er falið að skoða rekstrarform Austurbrúar með hagkvæmni, ábyrgð og rekstraröryggi að leiðarljósi. Stjórn verði heimilt að leggja niðurstöðu skoðunarinnar og hugsanlegar tillögur um breytingu á reglum stofnunarinnar fyrir framhaldsársfund Austurbrúar ses sem boðaður verður þegar vinnunni er lokið.

Samþykkt á stjórnarfundum Austurbrúar 19. Maí 2015

Niðurstaða stjórnar (bókuð 13. apríl 2016): „Eftir yfirferð með endurskoðanda félagsins sem og lögmanni þess telur stjórn að ekki séu forsendur né aðstæður til

<sup>1</sup> Atkvæðisbærir fulltrúar á fundinum: Borgarfjarðarhreppur, Breiðdalshreppur, Byggðastofnun, Djúpavogshreppur, Ferðamálasamtök Austurlands, Ferðamálastofa, Fjarðabyggð, Fljótsdalshérað, Fljótsdalshreppur, Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað, Háskólinn á Akureyri, Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, Íslandsstofa, Landbúnaðarháskóli Íslands, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Náttúrustofa Austurlands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök atvinnulífsins, Seyðisfjarðarkaupstaður, Skógrækt ríkisins, Útvegsmannafélag Austurlands, Verkmenntaskóli Austurlands, Vopnafjarðarhreppur.



breytinga á rekstrarfyrirkomulagi Austurbrúar ses. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.“

Þá voru teknar fyrir fimm tillögur starfsháttarnefndar um breytingar á skipulagsskrá. Skúli Björn Gunnarsson, formaður starfsháttarnefndar kynnti þær.

**Lagt er til að fyrsta málsgrein 9. gr. breytist svo:**

Starfsháttarnefnd Austurbrúar ses. skal skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru á ársfundi. Hlutverk starfsháttarnefndar er að vera umsagnaraðili um innri reglur Austurbrúar ses. og vinna tillögur til ársfundar um breytingar á skipulagsskrá, kjör í stjórn stofnunarinnar, starfsháttarnefnd og siðanefnd, ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar. Ársfundur getur falið starfsháttarnefnd önnur verkefni.

**Lagt er til að 11. gr. breytist svo:**

Stjórn Austurbrúar ses. hefur heimild til að skipa í þriggja til sjö manna fagráð til eins árs í senn. Hlutverk fagráðs er að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun og áherslur í starfsemi stofnunarinnar. Skipan í það á að endurspegla verkefni Austurbrúar og áherslur hverju sinni. Skal skipan í fagráð vera lokið eigi síðar en fjórum vikum eftir ársfund. Stjórn er heimilt að fjölga í fagráði eða skipa nýja fulltrúa vegna afsagnar ef þörf krefur. Stjórn Austurbrúar ses. skal kalla fagráð til fundar að lágmarki tvisvar á ári. Halda skal fundargerðir um fundi stjórnar og fagráðs.

**Lagt er til að 12. gr. breytist svo:**

Framkvæmdastjóri skal boða fund skráðra hagsmunaaðila einu sinni á ári hið minnsta. Fundinn skal halda í síðasta lagi sex vikum fyrir ársfund.

Á dagskrá fundarins skal meðal annars vera:

- Kynning á bráðabirgðauppjöri Austurbrúar ses. og verkefnum síðasta árs
- Fjárhags- og starfsáætlun yfirstandandi starfsárs
- Kjör fulltrúa í fulltrúaráð
- Tilnefning fulltrúa hagsmunaaðila til stjórnarkjörs

**Lagt er til að síðasta setning 15. gr. breytist svo:**

Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnar- og ársfundi, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

**Lagt er til að fyrsta setning 18. gr. breytist svo:**

Skipulagsskrá þessari má aðeins breyta á ársfundi Austurbrúar ses. með samþykki 2/3 hluta stofnaðila, sbr. og 36. gr. laga nr. 33/1999. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá skulu sendar út með fundarboði.

Enginn tók til máls um tillögurnar sem voru því næst bornar undir atkvæði. Allar tillögurnar voru samþykktar samhljóða. Fundarstjóri bað fundarmenn að samþykkja skipulagsskrá svo breytta og var það gert samhljóða.



5. Staðfesting á breytingum á innri reglum Austurbrúar ses.  
Engar breytingartillögur voru lagðar fyrir þennan fund.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 15.25.



